

Valkostir í meðferð – á forsendum sjúklinga

HVERNIG skyldi það vera að leggjast inn á geðdeild í dag? Nú þegar plássum hefur verið fækkað, hlýtur það að vera enn meira álag en ella. Færri pláss þýðir að meðallegutími styttest og sjúklingar útskrifast fyrr. Ótímabærar útskriftir hljóta að vera tíðari en áður. Hvar er metnaðurinn í geðheilbrigðismálum? Helst verður vart við metnað hjá Geðhjálpi. Þar er uppbygging og þar hefur þjónusta, sem skort hefur, einfaldlega verið komið á fót. Úr öllum öðrum áttum heyrast niðurskurðarraddir, við „étum“ of mikið af „gleðipillum“, er vælt (ég veit dæmi þess að sjúklingar hafi hætt lyfjatöku eða minnkað skammta sína í kjölfar slíks opinbers væls), og talsmenn Landspítala – háskólasjúkrahúss kveinka sér vegna „félagsþjónustu“ sem spítalinn veitir (þar er m.a. átt við geðdeildina að Arnarholti, en aðbúnaður þar er slíkur að fjárveitendur mættu sjá sóma sinn í að bæta úr í stað þess að hóta lokunum).

Hvernig stendur á því að aldrei eru sett fram metnaðarfull áform af hálfu stjórnvalda um úrbætur í þessum stóra og kostnaðarsama málaflökki, sem snertir svo marga? Nú höfum við heilbrigðisáætlun, sem lítur vel út, en enn sem komið er höfum við ekki séð aðgerðir. Í Danmörku er pólitísk samstaða um að sjá til þess að allir sjúklingar á geðdeildum skuli vera á einbýlum. Í Noregi eru áætlanir um að bjóða geðdofasjúklingum aðstoð strax á fyrstu stigum sjúkdómsins, ekki nokkrum árum seinna þegar hann leiðir til innlagnar undir venjulegum kringumstæðum. Í Englandi eru stjórnvöld með áætlun um markvissa fækkun sjálfsvíga. Hér á landi byggast nýjungar á eldhugum og sjálfbodavinnu þeirra sem



Pétur Hauksson

koma á fót fyrirbyggjandi starfi, svo sem forvarnarverkefni gegn þunglyndi í 8. bekk grunnskóla, og Nýja barnið á Akureyri.

Nú eru eldhugar aftur farnir af stað. Í þetta sinn beinist metnaður þeirra að því að koma á fót valkostum í meðferð. Ekki í samkeppni við geðdeildirnar, heldur sem viðbót, sérstaklega viðbót við eftir-meðferð og endurhæfingu, sem er af skornum skammti eins og biðlistar eru til

marks um. Miklu meiri eftirspurn er eftir endurhæfingu á geðsviði Reykjalundar en hægt er að sinna. Þar er um að ræða raunverulega þörf á hjálp við alvarlegum og langvarandi vanda.

Hjá Geðhjálpi stendur ekki til að draga úr faglegum kröfum, en nýjungin felst í því að nýta þekkingu og stuðning þeirra sem hafa sjálfir reynt sambærilegar þjáningar, og hafa unnið bug á þeim. Ráðgjafakerfi eins og Geðhjálpi leggur til gæti verið gagnleg viðbót og stuðningur við meðferð sem er í boði. Hægt væri að ganga lengra og leggja til breytingu á lögræðislögum á þá hund að öllum sem eru lagðir inn eða meðhöndlaðir gegn vilja sínum yrðu skipaðir persónulegir ráðgjafar, sem hefðu það hlutverk að gæta réttar þeirra og aðstoða þá á annan hátt. Slíkt kerfi hefur reynt vel í öðrum löndum.

Geðhjálpi hefur einnig lagt til að komið verði á sjálfshjálparhópum í tengslum við aðra meðferð. Þeir fjölmörgu sem hafa á síðustu áratugum nýtt sér sjálfshjálparhópa Geðhjálpar gætu eflaust tekið undir tillöguna og einnig aðstandendur sem finnst þeir ekki fá nægilegan stuðning í veikindum sinna nánustu. Ég hvet fagfólk til að gera áhugamönnunum kleift að koma á fót þessum viðbót-

Geðvernd

Ég vona, segir Pétur Hauksson, að þjóðin styðji eldhugana og áform þeirra, með fjárframlögum.

um við núverandi þjónustu. Áhuga-vert væri að rannsaka gagnsemina, og þróa sannreynda meðferð. Hins vegar er ljóst að erfitt væri fyrir fagfólk að koma á og viðhalda þjónustu sem Geðhjálpi leggur til, nema í nánú samstarfi við áhugamannafélag. Því verður ábyrgð Geðhjálpar talsverð, ef ráðgjafakerfi og sjálfshjálparhópar eiga að vera valkostir í framtíðinni.

Geðhjálpi hefur undanfarið ár boðið þeim, sem hafa mikið skerta starfsorku, verndaða vinnu og aðstoðu á vinnustofu. Nú hefur félagið ráðið til sín iðjuþjálfara og hefur áform um að bjóða ný störf til handa þeim sem hafa minni vinnugetu en flestir aðrir. Sennilega hefur jafn hvetjandi kerfi og vinnustofa Geðhjálpar ekki staðið til boða annars staðar: Hægt var að koma og vinna þegar maður treysti sér til, e.t.v. aðeins í eina klukkustund, og fá launin greidd strax.

Ég vona að þjóðin styðji eldhugana og áform þeirra, með fjárframlögum. Til að metnaðarfullar áætlanir verði að veruleika þarf einnig framlög úr sameiginlegum sjóðum landsmanna. Forsætisráðherra og heilbrigðisráðherra höfðu á réttu að standa þegar þeir sögðu á þingi nýlega að nú þyrfti að leggja grunn að aðgerðum í geðheilbrigðismálum. Hins vegar höfum við aðeins séð niðurskurð hingað til. Á næstunni gefst ráðamönnunum og landsmönnum tækifæri til taka þátt í að byggja upp nýja meðferð og ný störf fyrir geðsjúka.

Höfundur er geðlæknir.